



Mannréttindastefna

Reykjanesbær | 2024





Mannréttindastefna Reykjaneshæjar miðar að því að allir íbúar fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu. Til grundvallar stefnunnar liggja mannréttindaákvæði stjórnarskrár Íslands, mannréttindayfirlýsingar og alþjóðlegir sáttmálar sem Ísland er aðili að, svo sem samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. Einnig er tekið mið af því sem fram kemur í öðrum stefnum sveitarfélagsins.

Mannréttindi eru alþjóðleg og ná yfir öll landamæri. Þau fela í sér virðingu fyrir öðrum og fyrir sjálfum sér. Einnig fela þau í sér að hver einstaklingur ber ábyrgð á því að mannréttindi séu á engum brotin. Þegar mannréttindi eins einstaklings eru brotin hefur það áhrif á alla og allt samfélagið í heild sinni.

Framtíðarsýn Reykjaneshæjar til ársins 2030 er að vera fjölskylduvænnbær sem þroskar og nærir hæfileika allra í gegnum öflugt skóla-, íþrótt- og menningarstarf. Íbúar sinna fjölbreyttum störfum í vistvænu fjölmenningsamfélagi sem einkennist af virðingu, eldmóði og framsækni.

Mannréttindastefna Reykjanesbæjar er unnin í samstarfi við fulltrúa þeirra hópa sem endurspegla samfélagið, m.a. fulltrúa barna og ungmenna, aldraðra, íbúa af erlendum uppruna og einstaklinga með fötlun, fulltrúa frá hverju sviði Reykjanesbæjar og kjörna fulltrúa. Einnig gafst íbúum sveitarfélagsins tækifæri á að mæta á opinn samráðsfund í apríl 2024.

Við gerð mannréttindastefnunnar var samfélagið rýnt með tölum úr gagnatorgi sveitarfélagsins en þær sýndu m.a. að í apríl 2024 voru rúmlega 30% íbúa Reykjanesbæjar með erlent ríkisfang og stærsti aldurshópurinn í kringum 30-40 ára. Mikilvægt er að taka þessar breytur til greina við gerð stefnu eins og mannréttindastefnu.



Reykjanesbær sem stjórnvald

Reykjanesbær sem stjórnvald leggur áherslu á jafnræði, mannréttindi og samvinnu við íbúa og hefur einsett sér að vera í fararbroddi á því sviði. Ákvarðanir sem teknar eru á vegum Reykjanesbæjar eiga að vera gagnsæjar og hafa hagsmuni íbúa að leiðarljósi. Sem stjórnvald skal Reykjanesbær leitast við að hafa íbúa með í ráðum og hvetja þá til lýðræðislegrar þátttöku í málefnum sem snerta þá á einn eða annan hátt og skapa vettvang og farveg til þess.

Reykjanesbær sem miðstöð þjónustu

Reykjanesbær gegnir lykilhlutverki í vellíðan íbúanna. Allar stofnanir sveitarfélagsins vinna markvisst og skipulega að því að móta og byggja upp þjónustu, menningarstarf, fræðslu og upplýsingamiðlun í þágu jafnréttis og margbreytilegs samfélags þannig að allir hafi jafnt aðgengi og geti tekið þátt í þeim á sínum forsendum. Þjónustubegar eru hvattir til að koma skoðunum sínum um þjónustu sveitarfélagsins á framfæri við Reykjanesbær í gegnum ábendingagátt eða með öðrum hætti.

Reykjanesbær sem atvinnurekandi

Reykjanesbær vinnur að jafnrétti starfsfólks, meðal annars samkvæmt jafnréttislögum og sér til þess að starfsfólk endurspegli það margbreytilega samfélag sem sveitarfélagið er. Reykjanesbær vinnur ötullega að því að viðhalda jafnlunavottun sinni með reglulegum innri og ytri úttektum.

Reykjanesbær virðir tjáningarfrelsi starfsfólks og hvetur það til að benda á hvaðeina sem betur má fara á sínum vinnustað með hagsmuni þjónustubega og samstarfsfólks að leiðarljósi. Öllu starfsfólki ber að gæta háttvísi og umburðarlyndis í störfum sínum við viðkvæma þjónustubega. Því ber starfsfólki að hafa mannréttindastefnuna ávallt til hliðsjónar í sínum verkefnum. Ekki verður vikið frá þeirri vernd og virðingu sem alþjóðlegir sáttmálar og mannréttindaákvæði stjórnarskrár lýðveldisins kveða á um með vísan til tjáningarfrelsis.

Reykjanesbær sem samstarfsaðili og verkkaupi

Reykjanesbær leggur áherslu á samvinnu við aðra opinbera aðila, háskólasamfélagið, einkaaðila og samtök sem vinna að því að efla frumkvæði, nýsköpun og þekkingaröflun á sviði jafnréttis og mannréttinda. Reykjanesbær leggur jafnframt áherslu á að allir þeir aðilar sem það á viðskipti við virði mannréttindi.

Reykjanesbær sem stjórnvald leggur áherslu á jafnræði, mannréttindi og samvinnu við íbúa og hefur einsett sér að vera í fararbroddi á því sviði.





Leiðarvísir

Mannréttindastefna Reykjanesbæjar er unnin í samvinnu við fjölbreyttan hóp íbúa sveitarfélagsins. Leiðarvísar stefnunnar eru afrakstur þess samstarfs.

Orðræða

Tryggja skal að samskipti og orðræða starfsfólks og orðræða á milli starfsfólks og þeirra sem njóta þjónustu sveitarfélagsins sé byggð á gagnkvæmri virðingu. Leitast skal við að tala og rita kynhlutlaust mál.

Aðgengi

Tryggja skal aðgengi fyrir öll að þjónustu sveitarfélagsins, óháð aðstæðum hvers og eins. Aðlaga skal aðstæður að einstaklingum en ekki þá að aðstæðum.

Óheimilt er að mismuna fólki vegna aldurs og eiga öll jafnan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins óháð aldri. Nema ef þjónustan er miðuð við ákveðna hópa eins og barna- og unglíngastarf

Fjölbreytni

Þjóða skal upp á fjölbreytta þjónustu og fjölbreytt aðgengi að henni.

Þjóða skal upp á fjölbreytt störf og tillitssemi á vinnustöðum.

Virkni

Hvetja skal alla hópa til samfélagslegrar virkni.





Jafnrétti kynja

Íbúar

Allir íbúar skulu eiga jafnan aðgang að þjónustu bæjarins, óháð kyni.

Leitast skal við að þátttaka og áhrif kynja í stjórnsýslu sveitarfélagsins sé sem jöfnust.

Starfsfólk

Starfsfólk skal njóta jafnréttis á vinnustöðum sveitarfélagsins óháð kyni.

Til staðar skulu vera sterk úrræði og skýrir verkferlar um viðbrögð ef upp kemur einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundið áreitni og ofbeldi (EKKO).

Samsetning starfsfólks bæjarins skal endurspeglja fjölbreytileika samfélags Reykjanesbæjar.

Nefndir skulu skipaðar á fjölbreyttum grunni. Við skipan í nefndir og ráð og stjórnir á vegum sveitarfélagsins skal í samræmi við jafnréttislög gæta þess að hlutfall kynja sé sem jafnast og ekki undir 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða. Það sama gildir um vinnuhópa og starfshópa sem stofnað er til á vegum sveitarfélagsins.

Kynhneigð, kynvitund, kyntjáning og kyneinkenni

Íbúar

Öll eiga að geta tekið virkan þátt í samfélagi Reykjanesbæjar og hljóta sanngjarna og réttláta meðferð, óháð kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkennum.

Tryggt sé að samskipti og orðræða starfsfólks og þeirra sem njóta þjónustu bæjarins sé byggð á gagnkvæmri virðingu og starfsfólk gangi ekki út frá því að öll séu gagnkynhneigðir og síis-kynja.

Starfsfólk

Þess skal gætt við ráðningar, uppsagnir og ákvarðanir um kjör starfsfólks sveitarfélagsins að ómálefnalegum ástæðum sé ekki beitt sem rökum gegn starfsfólki.

Starfsfólk skal skapa andrúmsloft sem er laust við fordóma gagnvart samstarfsfólk, óháð kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkennum og á það við um í starfi og leik á vinnustað.

Aldur

Íbúar

Öll skulu eiga jafnan aðgang að þjónustu sveitarfélagsins óháð aldri. Nema ef þjónustan er miðuð við ákveðna hópa eins og barna- og unglingsstarf.

Reykjanesbær tekur mið af ákvæðum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í öllu sínu starfi með börnum. Þetta felur meðal annars í sér að tryggja skal rétt barna til að mynda sér sínar skoðanir og láta þær í ljós í málum sem þau varða.

Reykjanesbær hefur samráð við eldra fólk og börn og ungmenni þegar ákvarðanir eru teknar sem varða hagsmuni þeirra meðal annars í gegnum öldunga- og ungmennaráð.

Reykjanesbær tryggir að upplýsingar séu aðgengilegar og við hæfi aldurs þeirra sem þeim eru ætlaðar, m.a. með því að veita upplýsingar á fleiri tungumálum og bjóða upp á barnvænar fréttir.

Starfsfólk

Starfsfólki er ekki mismunað á vinnustöðum Reykjanesbæjar vegna aldurs.

Fötlun

Íbúar

Öll eiga rétt á virkri þátttöku í samfélagi Reykjanesbæjar og sanngjarnri og réttlátri meðferð óháð fötlun.

Reykjanesbær skal sjá til þess að umönnun og vernd til þeirra sem hennar eiga að njóta sé framfylgt, óháð fötlun.

Starfsfólk

Leitast skal við að skapa tækifæri fyrir fólk með skerta starfsgetu vegna fötlunar á vinnumarkaði.

Veita skal fötluðu fólki tíma til aðlögunar í nýju starfi.





Trú og lífsskoðun

Íbúar

Reykjanesbær sýnir fólki virðingu óháð trú, trúleysi þess eða skoðunum. Öll eiga rétt á virkri þátttöku í samfélaginu og sanngjarnri og réttlátri meðferð óháð trú, trúleysi eða skoðunum og skal þess sérstaklega gætt að hvergi halli á kynin.

Starfsfólk

Reykjanesbær kemur fram við starfsfólk sitt af virðingu og gætir jafnræðis.

Reykjanesbær gerir ekki upp á milli starfsfólks í kjörum vegna trúar- eða lífsskoðana, stjórnmálaskoðana, trúleysis eða af öðrum ómálefnalegum ástæðum.

Uppruni og þjóðerni

Íbúar

Óheimilt er að mismuna íbúum vegna uppruna þeirra, litarháttar, þjóðernis, menningarlegs bakgrunns eða vegna hvers kyns flokkunar sem byggð er á kynþáttahyggju.

Starfsfólk

Til þess að þjóna fjölmenningsamfélagi er mikilvægt að hafa fólk af ólíkum uppruna í röðum starfsfólks. Í auglýsingum sveitarfélagsins er vakin athygli á stefnu Reykjanesbæjar um jafnan hlut kynja í störfum og að Reykjanesbær vinni gegn mismunun á vinnumarkaði.

Ábyrgð og ábyrgðarsvið

Mannréttindastefna Reykjanesbæjar er miðlæg stefna sem öll svið og stofnanir sveitarfélagsins fylgja.

- Stjórnendur bera ábyrgð á að kynna stefnuna fyrir sínu starfsfólki.
- Stjórnendur og annað starfsfólk bera ábyrgð á því að tryggja mannréttindi og að þau séu virt í stjórnkerfi Reykjanesbæjar, á vinnustöðum sveitarfélagsins og í þjónustu.
- Þá ber öllu starfsfólki, kjörnum fulltrúum og nefndarfólki að fara eftir stefnunni og vinna að framgangi hennar.

Stefna skal endurskoðuð á 5 ára fresti eða oftár ef tilefni er til. Rafræn útgáfa í gæðakerfi Reykjanesbæjar er ávallt sú útgáfa sem er í gildi hverju sinni.“





REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS

Mannréttindastefna Reykjaneshæjar
Desember 2024